



Áhrif heimsfaraldurs COVID-19 á viðkvæma hópa

Tillögur
starfshóps um
félags- og
heilsufarslegar
aðgerðir

Útgefandi:

Forsætisráðuneytið

Áhrif heimsfaraldurs COVID-19 á viðkvæma hópa - Tillögur starfshóps um félags- og heilsufarslegar aðgerðir

Júní 2022

for@for.is

www.for.is

Umbrot og textavinnsla:

Forsætisráðuneytið

©2022 Forsætisráðuneytið

ISBN 978-9935-482-33-4

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| 1. Inngangur | 5 |
| 1.1 Starfshópur um gerð tillagna um félags- og heilsufarslegar aðgerðir vegna heimsfaraldurs | 5 |
| 1.2 Félags- og heilsufarslegar aðgerðir íslenskra stjórnvalda tengdar COVID-19 faraldrinum á árunum 2020 og 2021..... | 6 |
| 1.3 Nefndir, stýri- og vöktunarhópar stjórnvalda..... | 8 |
| 2. Samantekt um nýlegar rannsóknir á félags- og heilsufarslegum áhrifum COVID-19 | 10 |
| 2.1 Rannsóknir og skýrslur á Norðurlöndunum..... | 10 |
| 2.2 Skýrsla um aðgerðir norskra stjórnvalda..... | 12 |
| 2.3 Íslenskar rannsóknir og úttektir..... | 14 |
| 2.4 Samantekt..... | 18 |
| 3. Tillögur starfshópsins um stuðning við aðgerðir á árinu 2023 | 20 |
| 3.1 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið..... | 20 |
| 3.1.1 Félagslegur stuðningur við viðkvæma hópa | 20 |
| 3.1.2 Vinnumarkaður..... | 21 |
| 3.1.3 Einmanaleiki eldra fólks..... | 21 |
| 3.1.4 Ofbeldi..... | 22 |
| 3.1.5 Þjónusta við fullorðið fatlað fólk á orlofstímum | 24 |
| 3.1.6 Stafrænn stuðningur við fatlað fólk | 24 |
| 3.1.7 Miðstöðin Auðlesið mál | 24 |
| 3.2 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið | 25 |
| 3.2.1 Átaksverkefni til að styðja við innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðistækni og þjónustu | 25 |
| 3.4 Heilbrigðisráðuneytið | 26 |
| 3.4.1 Efling og innleiðing skólaheilsugæslu í framhaldsskólum | 26 |

| | | |
|-------|--|-----------|
| 3.4.2 | Áframhaldandi styrking þjónustu Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala (BUGL) og BUG teymis Sjúkrahússins á Akureyri til að mæta aukinni eftirspurn..... | 26 |
| 3.4.3 | Styrking þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir 18 ára og eldri | 27 |
| 3.5 | Mennta- og barnamálaráðuneytið..... | 27 |
| 3.5.1 | Áframhaldandi aðgerðir til að bregðast við löngum biðtíma í úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra | 27 |
| 3.5.2 | Börn í viðkvæmri stöðu..... | 28 |
| 3.5.3 | Efling forvarna í skólastarfi (fræðsla, ráðgjöf og útgáfa fræðsluefnis)..... | 28 |
| 3.5.4 | Stuðningur við framhaldsskóla í tengslum við náms - og starfsráðgjöf og sálfræðiþjónustu | 29 |
| 3.5.5 | Átak í eflingu sjálfboðaliðastarfs á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs (80 m.kr) | 29 |
| | Fylgiskjal 1..... | 30 |
| | Fjárveiting til sértækra aðgerða á árinu 2022..... | 30 |
| | Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið | 30 |
| | Háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið | 32 |
| | Heilbrigðisráðuneytið..... | 32 |
| | Mennta- og barnamálaráðuneytið..... | 34 |

Töfluskrá

| | |
|---|---|
| Tafla 1. Fjárveitingar vegna sértækra aðgerða vegna hópa í viðkvæmri stöðu, samtals viðbót á árunum 2020 og 2021..... | 7 |
| Tafla 2. Yfirlit yfir starfshópa um áhrif kórónuveirufaraldursins á viðkvæma hópa..... | 8 |

1. Inngangur

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur á undanförunum árum valdið fordæmalausum aðstæðum í íslensku samfélagi líkt og víða um heim. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda og markmið aðgerða vegna faraldursins hafa frá upphafi hans í febrúar 2020 verið skýr. Áhersla hefur verið lögð á að tryggja að nauðsynlegir innviðir landsins, og þá sérstaklega heilbrigðiskerfið, séu í stakk búnir til að takast á við álagið sem óhjákvæmilega myndaðist vegna útbreiðslu sjúkdómsins.

Í grunninn má skipta ákvörðunum stjórnvalda í tengslum við COVID-19 faraldurinn í þrennt. Í fyrsta lagi ákvarðanir til að hemja útbreiðslu faraldursins, í öðru lagi ákvarðanir um mótvægisáðgerðir til að bregðast við efnahagslegu tjóni almennings og fyrirtækja vegna sóttvarnartakmarkana og í þriðja lagi ákvörðunum sem tengjast félags- og heilsufarslegum áskorunum.

Þó að heimsfaraldri kórónuveiru sé ekki lokið á heimsvísu hefur eðli hans breyst mikið á undanförunum mánuðum. Viðbrögð við smitum eru gjörólík eftir að mikill meirihluti þjóðarinnar varð fullbólusettur eða hefur myndað ónæmi gegn veirunni. Ekki er lengur um að ræða víðtækar lokanir eða raskanir á starfsemi eins og átti við á árunum 2020 og 2021 og úrlausnarefni stjórnvalda önnur, s.s. að huga að langtímaáhrifum á viðkvæma hópa, vakta margvísleg áhrif faraldursins á samfélagið og grípa til nauðsynlegra aðgerða eftir því sem við á. Það geta ýmist verið skammtímaaðgerðir þar sem gripið er til nauðsynlegra aðgerða strax vegna aðkallandi stöðu eða vanda, eða langtímaaðgerðir þar sem leitast er við að vinna að umbótum og bæta stöðu á grundvelli áætlana og stefnumótunar til lengri tíma.

1.1 Starfshópur um gerð tillagna um félags- og heilsufarslegar aðgerðir vegna heimsfaraldurs

Í febrúar 2022 var að beiðni ríkisstjórnarinnar komið á formlegum starfshópi ráðuneyta með það að markmiði að tryggja samhæfingu um gerð tillagna um félags- og heilsufarslegar aðgerðir og uppbyggingu vegna áhrifa heimsfaraldursins. Í starfshópnum, sem stýrt var af fulltrúa forsætisráðuneytis, störfuðu fulltrúar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis.

Starfshópnum var falið eftirtalin verkefni:

- Að meta og fá heildstæðari yfirsýn yfir nefndir, stýrihópa og vöktunarhópa sem hafa verið að störfum, verksvið þeirra og umfang og meta þörf fyrir áframhaldandi og/eða breyttu fyrirkomulagi, með tilliti til reynslu undanfarinna tveggja ára.
- Að vakta og ná fram yfirsýn yfir rannsóknir, úttektir, skýrslur og áætlanir hérlandis sem og í nágrannaríkjum.

- Að skoða með heildstæðum hætti og greina á milli sjónarmiða um aðgerðir og viðbúnað sem þarf að huga að, annars vegar til skemmri og hins vegar til lengri tíma.
- Að setja fram tillögur um forgangsröðun og fjármögnun skammtímagerða, auk þess að kortleggja lengri tíma viðfangsefni, þörf fyrir langtímaaðgerðir, og hvort koma megi aðgerðum í farveg innan gildandi stefna og áætlana.

Tillögur starfshópsins byggjast á ofangreindum verkefnum og miða að aðgerðum sem hafa að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins á viðkvæma hópa í íslensku samfélagi. Tillögurnar ráðast af væntingum um að faraldurinn sé tímabundinn en neikvæð áhrif hans geti sumpart orðið langvinn hvað félags- og heilsufarslega þætti varðar ef ekki er brugðist við með markmissum hætti. Þá er leitast við að greina hvaða lærdóm stjórnvöld geta dregið af áhrifum faraldursins á viðkvæma hópa með tilliti til opinberrar stefnumótunar og áætlanagerðar þannig að auka megi viðnámsþrótt stjórnvalda gagnvart utanaðkomandi vá og farsóttum í framtíðinni.

1.2 Félags- og heilsufarslegar aðgerðir íslenskra stjórnvalda tengdar COVID-19 faraldrinum á árunum 2020 og 2021

Íslensk stjórnvöld hafa gripið til ýmissa aðgerða með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins á viðkvæma hópa. Á árunum 2020 og 2021 nam stuðningur stjórnvalda stuðningur til slíkra aðgerða 4,2 ma.kr. Þá er ótalinn sá kostnaður sem fallið hefur til vegna faraldursins eins og t.d. vegna styrkingar heilbrigðisþjónustunnar og annarra ráðstafana sem nauðsynlegar hafa verið til að bregðast við efnahagslegum áhrifum hans. Í þessu samhengi má nefna að heildarútgjöld til heilbrigðis- og félagsmála eru um 55% af árlegum útgjöldum ríkissjóðs.

Við upphaf faraldursins og eftir því sem hann dróst á langinn var gripið til ýmissa sértækra aðgerða og viðbótarfjármagni var veitt til að tryggja afkomu fólks og veita stuðning og þjónustu til viðkvæmstu hópa samfélagsins. Hugað var sérstaklega að því að auka aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu, ráðast í aðgerðir gegn félagslegri einangrun og sérstök áhersla lögð á að tryggja tækifæri barna úr tekjulágum fjölskyldum til þátttöku í íþrótt- og tómstundarstarfi. Greiddur var styrkur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna og félagasamtökum sem gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki tryggt aukið fjármagn auk þess sem kapp var lagt á forvarnir, aðgerðir og vitundarvakningu vegna aukins ofbeldis gegn konum og börnum á heimilum. Þá beindust ýmsar aðgerðir beinst að innflytjendum og flóttafólki og aðgengi upplýsingum og fræðsluefni vegna COVID-19 var tryggt á ýmsum tungumálum m.a. á vefsvæðinu covid.is.

Í janúar 2021 gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið úr skýrslu um aðgerðir stjórnvalda vegna atvinnuástands, fólks í viðkvæmri stöðu og gagnvart sveitarfélögum.¹ Er þar m.a. dregin fram sú staðreynd að flæði milli vinnumarkaðar og námsúrræða sé mikið héraðis og hafi úrræðum verið beitt til að framhalds- og háskólar væri í stakk búnir til að taka á móti auknum nemendafjölda vegna aukins atvinnuleysis. Þá efndu Vinnumálastofnun og félagsmálaráðuneytið í samvinnu við stofnanir ríkis og sveitarfélaga til sérstaks átaks til að fjölga sumarstörfum námsmanna til að tryggja framfærslu þeirra.

Tafla 1. Fjárveitingar vegna sértækra aðgerða vegna hópa í viðkvæmri stöðu, samtals viðbót á árunum 2020 og 2021

| | |
|---|--------------|
| Geðrækt og geðheilbrigði | 1.450 |
| Stuðningur við börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu | 895 |
| Eingreiðsla til örorku og endurhæfingarlífeyrisþega | 480 |
| Félagslegar aðgerðir fyrir fatlað fólk og börn | 308 |
| Aðgerðir gegn ofbeldi | 225 |
| Fjárstyrkir til félagasamtaka | 265 |
| Framlag til foreldra langveikra barna | 200 |
| Félagslegar aðgerðir fyrir aldraða | 176 |
| Heimilislausir – neyðarúrræði og stuðningur | 153 |
| Félagslegar aðgerðir fyrir innflytjendur | 60 |
| Samtals | 4.212 |

Dregið hefur verið úr sértækum stuðningi við aðgerðir samhliða því að dregið hefur úr áhrifum faraldursins. Þegar horft er til félagslegra stuðningsúrræða ársins 2022 er gert ráð fyrir eftirfarandi stuðningsúrræðum, sem falla niður í árslok:

400 m.kr. hækkun geðheilbrigðismála (varanleg hækkun)

245 m.kr. hækkun atvinnuleysisbóta vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum

150 m.kr. til aukins félagsstarfs fatlaðra barna

¹ Emil Lárus Sigurðsson, Anna Bryndís Blöndal, Jón Steinar Jónsson, Margrét Ólafía Tómasdóttir, Hannes Hrafnkelsson, Kristján Linnet og Jóhann Ágúst Sigurðsson. (2020). How primary healthcare in Iceland swiftly changed its strategy in response to the COVID-19 pandemic. <https://bmjopen.bmj.com/content/10/12/e043151>

100 m.kr. til íþróttá- og tómsundastyrks til barna á tekjulágum heimilum
30 m.kr. til áframhaldandi starfsemi Ráðgjafastofu innflytjenda.

Rétt er að geta að í sumum tilvikum hefur verið bætt í varanlegar fjárheimildir til þeirra málaflokka sem um ræðir líkt og gert hefur verið í geðheilbrigðismálum. Framlög til geðheilbrigðismála hafa og munu t.d. hækka í áföngum á árabílinu 2019–2025 um 1.350 m.kr. Þá er í fjárlögum ársins gert ráð fyrir 217 m.kr. varanlegu framlagi í aðgerðir til að sporna gegn kynferðisbrotum, þar af voru 200 m.kr. í tengslum við stjórnarsáttmála á málefnaviði 09 almanna- og réttaröryggi.

Tillögur starfshópsins um forgangsröðun og fjármögnun aðgerða vegna áhrifa COVID-19 á viðkvæma hópa ná annars vegar til viðfangsefna sem að mati ráðuneytanna þarf að hrinda í framkvæmd á árinu 2022 (skammtímaaðgerðir) og hins vegar til viðfangsefna sem hafa að markmiði að mæta þörf á aðgerðum til lengri tíma þ.e. á árunum 2023–2025. Í fylgiskjali 1 með skýrslu þessari er gerð grein fyrir tillögum viðkomandi ráðuneyta um sértækar aðgerðir á yfirstandandi ári. Fjallað er um tillögur starfshópsins um stuðning við aðgerðir á árinu 2023 í þriðja kafla skýrslunnar.

1.3 Nefndir, stýri- og vöktunarhópar stjórnvalda

Frá upphafi COVID-19 hafa ýmsir samstarfshópar verið starfandi á vegum stjórnvalda sem hafa haft það hlutverk að vakta áhrif faraldursins á viðkvæma hópa. Viðbúnaður og vöktun sem m.a. fól í sér aukið samráð lykilaðila var komið á fót eða aukið á árunum 2020 og 2021. Viðbragðs- og uppbyggingarteymi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins vaktaði þjónusturof og vísbendingar um afgerandi áhrif á viðkvæma hópa og starfaði teymið náið með Velferðarvaktinni innan sama ráðuneytis. Þá hafa tveir stýrihópar verið að störfum undir forystu Landlæknis sem vakta óbein áhrif COVID-19 á lýðheilsu annars vegar og geðheilsu hins vegar. Þá má nefna að forsætisráðherra setti á laggirnar nefnd sem var falið að greina áfallastjórnun stjórnvalda vegna faraldursins og samfélagsleg áhrif.

Í töflunni hér að neðan er birt yfirlit yfir helstu starfshópa á vegum ráðuneytanna og stöðu verkefna þeirra.

Tafla 2. Yfirlit yfir starfshópa um áhrif kórónuveirufaraldursins á viðkvæma hópa

| Heiti starfshóps | Ráðuneyti | Afurð/-ir | Staða |
|---|-----------|--|-------|
| Viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa (mars 2020). | FRN | Upplýsingagjöf til stjórnvalda um stöðu ólíkra hópa í gegnum faraldurinn. | Lokið |
| Uppbyggingarteymi til að tryggja öryggi og halda úti mikilvægri þjónustu á sviði félagsþjónustu og barnaverndar (maí 2020). | FRN | Upplýsingagjöf í gegnum spurningalista, stöðuskýrslur og viðbragðsnetfang FRN. | Lokið |
| Starfshópur um tillögur að aðgerðum fyrir heimilin. | FRN | Tillögur til ráðherra sem lagðar voru til grundvallar aðgerðum í apríl 2021. | Lokið |

| | | | |
|--|-----|--|-----------|
| Stýrihópur sem vaktar óbein áhrif COVID-19 á lýðheilsu (febrúar 2021). | HRN | Áfangaskýrsla í september 2021 með 18 lýðheilsuvisum fyrir fólk 18 ára og eldra. | Starfandi |
| Stýrihópur sem vaktar óbein áhrif COVID-19 á geðheilsu (desember 2020). | HRN | Áfangaskýrsla í maí 2021 þar sem lagt var mat á áhrif heimsfaraldurs á börn og ungt fólk á Íslandi ásamt tillögum um aðgerðir til að sporna við neikvæðum áhrifum. Önnur áfangaskýrsla í október 2021 með áherslu á starfsfólk í geðheilbrigðisþjónustu. | Starfandi |
| Samráðshópur lykilaðila í menntakerfinu (mars 2020). | MRN | Upplýsinga- og samráðsvettvangur og farvegur lausna á álitafnum í faraldrinum. Sameiginlegar viljayfirlýsingar helstu hagsmunaaðila skólamála um leiðarljós í skólastarfi á tímum COVID-19, gerð litakóða viðvörunarkerfis fyrir skólastarf, kannanir og upplýsingaöflun um framkvæmd skólastarfs, reglugerðir um takmarkanir á skólastarfi, leiðbeiningar og ráðgjöf til skóla o.fl. | Lokið |
| Vöktunarteymi um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir. | MRN | Markviss viðbrögð við áskorunum skólastarfs í heimsfaraldri sem tryggðu eins og unnt var menntun og farsæld og unnu gegn áhrifum COVID-19 til að tryggja nauðsynlegan og samræmdan stuðning við skóla- og frístundastarf á landsvísu. Reglugerðir um takmarkanir á skólastarfi, leiðbeiningar til skóla, spurt og svarað á vef MRN o.fl. Vikulegar skýrslur um starfsemi vöktunarteymis gefnar út. | Lokið |
| Samráðs- og vöktunarhópur um menntun og velferð barna. | MRN | Upplýsinga- og samráðsvettvangur og farvegur lausna á mörgum álitafnum sem upp komu. | Lokið |
| Nefnd um greiningu á áfallastjórnun stjórnvalda vegna faraldursins af völdum COVID-19. | FOR | Skýrsla ásamt tillögum. | Starfandi |

2. Samantekt um nýlegar rannsóknir á félags- og heilsufarslegum áhrifum COVID-19

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður nýlegra rannsókna og skýrslna um félags- og heilsufarsleg áhrif heimsfaraldurs COVID-19.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur bent á mikilvægi þess að stjórnvöld tryggji fólki geðheilbrigðisþjónustu í kjölfar heimsfaraldurs og þá sér í lagi þjónustu við viðkvæma hópa samfélagsins, s.s. ungmenni og fólk með geðraskanir. Í skýrslu stofnunarinnar sem kom út í byrjun mars 2022 kemur fram að heimsfaraldur COVID-19 hafi leitt til þess að á heimsvísu hafi þunglyndi aukist um 28% og kvíðaraskanir um 25%.² Áhrifanna gæti helst hjá konum og yngra fólki (20-24 ára). Þá hafi sjálfsvígshugsanir aukist marktækt hjá yngra fólki, heilbrigðisstarfsfólki sem upplifir örmögnun, fólki sem er einmana og þeim sem greinst hafa með COVID-19. Meiri hætta hafi verið á alvarlegum veikindum og andláti hjá þeim sem fyrir faraldurinn glímdu við geðraskanir, sérstaklega þeim sem yngri eru.

2.1 Rannsóknir og skýrslur á Norðurlöndunum

Skýrsla norrænu rannsóknastofnunarinnar *Nordregio* um stöðu Norðurlanda sem kemur út annað hvert ár (e. *State of the Nordic Region*) var birt í mars 2022.³ Meginefni skýrslunnar að þessu sinni er mat stofnunarinnar á stöðu norræna samfélagslíkansins og samanburður á efnahagslegum bata á Norðurlöndunum eftir heimsfaraldur kórónuveiru.

Skýrslan gefur greinargott yfirlit yfir mótvægisáðgerðir stjórnvalda á Norðurlöndunum sem eigi það sammerkt að hafa brugðist fljótt við yfirlýsingu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar frá 11. mars 2020 um að COVID-19 gæti orðið að heimsfaraldri. Meginniðurstaðan er sú að stjórnvöld á Norðurlöndunum hafi í alþjóðlegum samanburði gengið vel að vinna úr áhrifum faraldursins. Hvað varðar árangur efnahagslegra mótvægisáðgerða hafi sterk upphafsstaða landanna á sviði ríkisfjármála ráðið mestu. Stjórnvöld höfðu svigrúm til að létta tímabundið byrðum af einstaklingum og fyrirtækjum og frá upphafi farsóttarinnar hafi ríkt samstaða innan ríkjanna um að grípa þyrfti til

² World Health Organization (2022). Early evidence of the pandemic's impact: Scientific brief 2 March 2022.

<https://www.who.int/publications/i/item/WHO-2019-nCoV-Sci-Brief-Mental-health-2022.1>

³ Gustaf Norlén, Linda Randall, Nora Sánchez Gassen, Carlos Tapia (2022). State of the Nordic Region. <http://doi.org/10.6027/R2022-2.1403-2503>

efnahagsaðgerða til að fleyta þjóðabúskapnum í gegnum þetta erfiða tímabil. Skýrsluhöfundar slá þó þann varnagla að ekki sé tímabært að fella endanlega dóma um hvernig til hafi tekist, enda sé faraldrinum ekki lokið og langtímaáhrif hans og aðgerða stjórnvalda til að sporna við útbreiðslu farsóttarinnar og efnahagslegum afleiðingum hafi ekki komið fram að fullu leyti.

Talið er til styrkleika norrænna samfélaga að þar mælist traust mikið í alþjóðlegum samanburði. Stjórnvöld hafi snemma í faraldrinum brugðist við ábendingum sérfræðinga og beitt sértækum aðgerðum til að draga úr félags- og heilsufarslegum afleiðingum faraldursins. Þessa sameiginlega reynsla byggist á sterku velferðarlíkani Norðurlandanna og skilningi stjórnvalda á að dýrara sé að stoppa í bætur en að taka mið af þörfum ólíkra samfélagshópa við stefnumótun og forvirkum aðgerðum. Vísað til þeirrar staðreyndar að fæðingartíðni jókst á öllum Norðurlöndum á árinu 2021 sem endurspeglir að ungt fólk hafi treyst á að hið opinbera bæti tekjutap þess vegna barneigna þrátt fyrir djúpa efnahagslega niðursveiflu.

Ný skýrsla norrænu hagstofanna um áhrif fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins staðfestir að á meðan að samdráttur hafi orðið í fæðingum í flestum ríkjum heimsins frá upphafi kórónuveirufaraldursins þá hafi fæðingartíðni aukist á öllum Norðurlöndunum. Fæðingartíðni hafi t.d. stöðugt dregist saman í Finnlandi frá árinu 2010 en sú þróun hafi snúist við á meðan á fyrstu bylgju faraldursins stóð.⁴

Þá hafi fjárfestingum í vinnumarkaðasúrræðum og almennum félagslegum aðgerðum á öllum Norðurlöndum haft þau áhrif að meðaltekjur heimila lækkuðu ekki á meðan á sóttvarnarráðstöfunum stóð og sú staðreynd hafi dregið úr efnahagslegum áhrifum á viðkvæma hópa.

Á hinn bóginn benda niðurstöður skýrslunnar á að heimsfaraldurinn hafi komið mjög mismunandi niður á almenningi og merkja megi vaxandi gjá á milli svæða og ólíkra þjóðfélags hópa á Norðurlöndunum. Þannig hafi til að mynda aldraðir, fólk fætt erlendis, ungt fólk, fatlað fólk og einstæðir foreldrar fundið fyrir neikvæðari áhrifum á heilsu og fjárhag en aðrir samfélagshópar. Þá hafi mismunandi lýðfræðileg samsetning íbúa á hinum ýmsu landsvæðum valdið því að áhrif farsóttarinnar urðu misalvarleg í landfræðilegu tilliti t.d. í afskekktari byggðum þar sem aldraðir eru hlutfallslega margir meðal íbúa.

Þegar talað er um viðkvæma hópa í tengslum við áhrif faraldursins þá er ein breyta sem virðist hafa haft meiri áhrif faraldursins á stöðu fólks en önnur og er

⁴ Hagstofa Íslands (2022). Fæðingartíðni jókst á Norðurlöndunum í fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins.

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfoldi/faedingartidni-jokst-a-nordurlondunum-i-fyrstu-bylgju-koronuveirufaraldursins/>

Það fjárhagsstaða þess fyrir og á meðan á honum stóð. Það á við um alla þá hópa sem talað er um sem viðkvæma, þ.e. eldra fólk, fatlað fólk, innflytjendur og einnig hópa með lægri tekjur líkt og á við um meirihluta einstæðra foreldra. Þá hafa viðhorfskannanir varpað ljósi á að reynsla fólks af faraldrinum er mismunandi eftir aldri, kyni, kynþætti og þjóðerni sem og hvaða starfstéttum það tilheyrir, tekjum þess og færni.

Dánartíðni að völdum veirunnar var hærrí meðal eldra fólks sem einnig var líklegri til að þjást af alvarlegum veikindum af völdum sýkingar og það hefur búið við meiri félagslega einangrun en yngri aldurshópar vegna þyngri varúðarráðstafana. Samkvæmt mælingum eiga Norðurlöndin það sameiginlegt að nemendur í framhaldsskólum og háskólum upplifðu hnignun í geðheilbrigði samfara lokunum skóla og félagslegrar einangrunar og óöryggi þessa aldurshóps gagnvart framtíðinni mælist hærrí en það gerði fyrir faraldurinn.

Þá er í skýrslunni dregin fram sú staðreynd að afleiðingar faraldursins eru fjarri því að vera kynhlutlausar. Dauðsföll að völdum COVID-19 sýkingar á Norðurlöndunum hafi til að mynda verið marktækt fleiri meðal karla en kvenna. Varðandi félagslegar áskoranir þá jókst heimilis- og umönnunarbyrði kvenna þegar margvíslegar sóttvarnartakmarkanir á leikskóla- og grunnskólalaldi voru í gildi auk þess sem þær voru líklegri til að finna fyrir kvíða og þunglyndi en karlar. Þá er staðreynd að heimilisofbeldi og þá sérstaklega ofbeldi karla gegn konum og börnum jókst í faraldrinum. Að mati höfunda skýrslunnar er frekari rannsókn þörf til að skýra betur skammtíma- og langtímaáhrif heimsfaraldursins á kynjafnrétti á Norðurlöndunum.

Hvað varðar geðheilbrigði almennings er vísað til þess að reynsla og rannsóknir sýni að langtímaafleiðingar af samfélaglegum áföllum á borð við heimsfaraldur geti verið verulegar og komi allajafna ekki fram strax og ástandið er yfirstaðið. Líklegt er að langtímaafleiðingar á geðheilbrigði birtist næstu árin og komi fram í vaxandi nýgengi geðrænna áskoranna. Vísbendingar um að viðkvæmir hópar s.s. einstaklingar með geðrofssjúkdóma eða einstaklingar með virkan og alvarlegan vímuefnavanda sem og ungmenni og ungt fólk sem á árunum 2020–2022 áttu verulega takmörkuð tengsl og félagslega samveru séu í auknum vanda vegna geðrænna afleiðinga. Þekkt sé að hvorutveggja er sterkur áhrifaþáttur í orsakasamhengi sem liggur til grundvallar þróunar þunglyndis, kvíða, alvarlegs vímuefnavanda, átröskunar og áfallastreituröskunar.

2.2 Skýrsla um aðgerðir norskra stjórnvalda

Í apríl 2020 samþykkti norska Stórþingið þingsályktun um að setja á stofn nefnd um gerð úttektar á aðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Nefndin hafði einnig það hlutverk að móta tillögur til úrbóta á sviði stefnumótunar þannig að stjórnvöld gætu dregið hagnýtan lærdóm af viðbrögðum sínum við faraldrinum. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í maí 2021 og

lokaskýrslu til forsætisráðherra Noregs þann 26. apríl 2022.⁵ Helsta niðurstaða nefndarinnar er að stjórnvöld hafi í öllum meginatriðum staðist þolraun heimsfaraldursins ágætlega. Í evrópskum samanburði hafi dánartíðni verið lág, samkomutakmarkanir hóflegar og efnahagslegur samdráttur lítill. Norskum stjórnvöldum hafi að auki, líkt og stjórnvöldum á öðrum Norðurlöndum, gengið vel að tryggja nægt bóluafni og mikill meirihluti þjóðarinnar hafi þegið bólusetningar gegn veirunni.

Líkt og rakið var í skýrslunni *State of the Nordic Region* segja skýrsluhöfundar að sterkir samfélagslegir innviðir skýri að einhverju leyti þrautseigju norsku þjóðarinnar í faraldrinum. Mikið traust ríki milli einstaklinga og traust gagnvart ákvörðunum stjórnvalda hafi einkennt þennan tíma, vinnumarkaðurinn hafi reynst sveigjanlegur og heilbrigðis- og umönnunarbjónusta í hæstu gæðum hafi gert að verkum að Noregur komst vel undan faraldrinum í alþjóðlegum samanburði. Þó segir í niðurstöðum nefndarinnar að framlag einstaklinga innan hinna ýmsu starfstétta hafi verið langt umfram það sem gerist í venjulegu árferði og beri vitni um aðlögunarhæfni og sveigjanleika á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Þrátt fyrir ofangreinda jákvæða þætti í viðbrögðum stjórnvalda er það mat skýrsluhöfunda helstu innviðir hafi ekki verið nægilega vel í stakk búnir til að takast á við heimsfaraldur af þeirri stærðargráðu sem kórónuveirufaraldurinn var. Draga verði lærdóm af viðbúnaði og viðbrögðum stjórnvalda fyrir stefnumótun vegna áfalla eða farsóttu sem riðið geta yfir í framtíðinni og almennt þurfi bæta hæfni opinberra aðila til að takast á við breytilegar aðstæður yfir lengri tíma.

Auk þess að fjalla um umbætur er varða verkaskiptingu innan stjórnsýslunnar beinir nefndin sjónum að aðbúnaði gjörgæsludeilda á stærri sjúkrahúsum og heilsugæslunnar á strjálbýlum svæðum Noregs. Á báðum stöðum hafi of mikil ábyrgð hvílt á of fáum einstaklingum, viðvarandi skortur verið á gjörgæsluhjúkrunarfræðingum og gjörgæsludeildir hafi glímt við bæði skort á húsnæði, tækjum og nauðsynlegum búnaði. Að mati nefndarinnar er brýnt verkefni stjórnvalda að tryggja að gjörgæsludeildir sjúkrahúsanna geti aðlagð starfsemi sína betur að hættuástandi farsóttu og telur hún nauðsynlegt að háskólar landsins leggi áherslu á að laða að nemendur í greinar heilbrigðisvísinda og útskrifa þurfi fleiri sérhæfða gjörgæsluhjúkrunarfræðinga.

Hvað varðar áhrif faraldursins á viðkvæma hópa segja skýrsluhöfundar að rannsóknir sýni að faraldurinn hafi haft neikvæð áhrif á félagslegan jöfnuð í norsku samfélagi. Því sé ástæða fyrir stjórnvöld að beita áfram sértækum

5 NOU 2022:5. Myndighetenes håndtering av koronapandemien – del 2 – Rapport fra Koronakommisjonen. Avgitt til Statsministerens kontor 26. april 2022. <https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/nou-2022-5/id2910055/?ch=1>

aðgerðum sem beinist m.a. að börnum og ungmennum í fjölskyldum innflytjenda sem njóta framfærslu félagsþjónustu sveitarfélaga og hafi búið við takmarkað framboð atvinnu á meðan á faraldrinum stóð.

Að mati nefndarinnar ríkir enn mikil óvissa um afleiðingar faraldursins á viðkvæma hópa, einkum er varðar börn og ungmenni. Flestar rannsóknir og úttektir bendi til þess að þau ungmenni sem áttu í mestum erfiðleikum fyrir faraldurinn hafi dregist enn frekar aftur í námi sem auki á félagslega erfiðleika þeirra. Þá telji skólastjórnendur að nokkrir árgangar skólabarna hafi farið á mis við kennslu í ýmsum fögum, einkum verklegum greinum og íþróttum og að alvarlegar geðraskanir meðal barna og ungmenna séu í dag meira áberandi en fyrir faraldurinn.

2.3 Íslenskar rannsóknir og úttektir

Undanfarin ár hefur hér á landi verið ráðist í fjölda rannsókna og úttekta er varða félags- og heilsufarsleg áhrif COVID-19. Sumar þeirra hafa verið venjubundnar en aðrar sértækar vegna faraldursins. Eftirfarandi er yfirlit yfir þær helstu auk samantektar á meginniðurstöðum í þeim tilfellum sem þær liggja fyrir. Tekið skal fram að hluti rannsókna sýna ekki þróun fyrir og eftir COVID-19 faraldurinn og því er erfitt að álykta um áhrif hans á tiltekna niðurstöður.

Háskóli Íslands fékk styrk frá Rannís í upphafi árs 2021 til að rannsaka líðan fatlaðs fólks í faraldrinum og er áætlað að verkefnið taki samtals þrjú ár. Félagsmálaráðuneytið fjármagnaði spurningakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi um heilsu fatlaðs fólks á tímum COVID-19 og er sú spurningakönnun liður í fyrrgreindu rannsóknarverkefni. Niðurstöður spurningakönnunarinnar lágu fyrir í mars síðastliðnum og sýndu m.a. að einungis um 2% þátttakenda hafði greinst með veiruna en að um helmingur þeirra sagði faraldurinn hafa raskað þeirra daglega lífi frekar mikið eða mjög mikið.

Samanborið við svör almennings þá var fatlað fólk líklegra til að hafa upplifað fjárhagserfiðleika og átt í erfiðleikum með að nálgast nauðsynjar eins og lyfseðilsskyld lyf og matvörur og um fjórðungur þeirra sem svöruðu könnuninni átti erfitt með að láta enda ná saman. Þá hafði fjórðungur þátttakenda upplifað töluverðan eða mjög mikinn einmanaleika á síðastliðnum tveimur mánuðum auk þess sem um fimmtungur þátttakenda hafði upplifað að öskrað hafi verið á þá, þeir niðurlægðir eða þeim hótad skaða, sem er töluvert hærra hlutfall en niðurstöður sýndu úr könnun meðal almennings (7%).

Þá vann Varða, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, rannsókn á stöðu fatlaðs fólks á Íslandi fyrir Öryrkjabandalag Íslands.⁶ Niðurstöður hennar voru kynntar í september 2021 og sýndu m.a. að tæplega átta af hverjum tíu áttu erfitt með að ná endum saman og mikill meirihluti svarenda hafði neitað sér um heilbrigðisþjónustu. Að auki fundu margir þátttakendur fyrir félagslegri einangrun og meirihluti þeirra fann fyrir fordómum.

Varða vann að auki rannsóknir á stöðu launafólks og á stöðu ungs fólks af erlendum uppruna sem eru utan vinnu og skóla.⁷ Niðurstöður rannsókna á stöðu launafólks á Íslandi sem kynntar voru í janúar 2022 sýndu að tæplega þriðjungur vinnandi fólks glímdi við erfiða fjárhagsstöðu og hafði sú staða versnað frá árinu á undan. Þá var fjárhagsstaða einstæðra foreldra verst meðal vinnandi fólks. Ríflega helmingur launafólks fann fyrir auknu álagi í starfi í kjölfar COVID-19, þar af sjö af hverjum tíu kvenna sem störfuðu hjá hinu opinbera. Fjárhagsstaða og geðheilsa innflytjenda mældist verri en innfæddra og geðheilsa ungs fólks reyndist vera lakari en þeirra sem eldri eru, sérstaklega ungra kvenna en um helmingur þeirra sagðist búa við slæma geðheilsu. Niðurstöður rannsókna á NEET-hópnum (e. *Not in Employment, Education or Training*) um stöðu og bakgrunn ungs fólks utan vinnumarkaðar og skóla voru birtar í september 2021.⁸ Þær sýndu að bakgrunnsþættir á borð við kyn, aldur, menntunarstig, félags- og efnahagslega stöðu foreldra og fjölskyldugerð hafi forspárgildi um virkni ungmenna og hvort þau tilheyri NEET-hópnum eða ekki. Þá eru tækifæri, aðstæður og forsendur ungmenna á Íslandi mjög breytilegar eftir hópum og almennt í óhag þeirra sem eru af erlendum uppruna.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kynnti í apríl 2021 niðurstöður könnunar á högum og líðan aldraðra.⁹ Félagsmálaráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Landssamband eldri borgara stóðu að könnuninni og var hún framkvæmd í fimmta sinn. Í könnuninni voru sérstakar spurningar sem sneru að áhrifum heimsfaraldurs á heilsu og líðan eldra fólks og voru niðurstöður hennar grunnur að mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna áhrifa heimsfaraldurs á eldra fólk. Þær sýndu m.a. að um sex af hverjum tíu töldu sig hafa einangrast annað hvort að einhverju eða miklu leyti eftir að COVID-19 faraldurinn hófst. Þá taldi um þriðjungur sig enn búa við frekar eða mjög mikla einangrun þegar rannsóknin var gerð. Tæplega sex af hverjum tíu svaraði að dregið hefði úr líkamspjálfun eftir að faraldurinn hófst og taldi um

6 Margrét Einarisdóttir og Kristín Heba Gísladóttir. (2021). Staða fatlaðs fólks á Íslandi 2021. Niðurstöður spurningakönnunar Vörðu fyrir Öryrkjabandalag Íslands. https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_8b748aca6c0549919a4ff96db123f1b7.pdf

7 Margrét Einarisdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2021). Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar aðildarfélagi ASÍ og BSRB. https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_ba2d63de6ecf43469c4b4e50f02cd99b.pdf

8 Adda Guðrún Gyfladóttir (2021). NEET-hópurinn: Staða og bakgrunnur ungmenna af erlendum uppruna utan vinnumarkaðar og skóla. https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_884390cf43c54fe184bc36b59b67b72a.pdf

9 Helgi Guðmundsson. (2021). Hagir eldri borgara. Greining á höfum og líðan aldraðra á Íslandi árið 2020. Unnið fyrir félagsmálaráðuneytið, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Landssamband eldri borgara. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Hagir%20eldri%20borgara%202020%20-%20ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur.html>

fjórðungur að líkamlegri heilsu sinni hefði hrakað. Þá mat um fimmtungur geðheilsu sína lakari en fyrir faraldurinn.

Samband íslenskra framhaldsskólanemenda (SÍF) í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði í nóvember 2020 fyrir könnun á námi, líðan og aðstæðum framhaldsskólanemenda á tímum COVID-19.¹⁰ Þegar könnunin var gerð höfðu flestir framhaldsskólanemendur verið í fjarnámi í nokkrar vikur en niðurstöður könnunarinnar sýndu að um sex af hverjum tíu sögðu faraldurinn og sóttvarnareglur hafa haft slæm áhrif á félagslíf sitt. Þá mældust kvenkyns nemendur í framhaldsskólum að meðaltali hærra á kvörðum fyrir þunglyndi, kvíða og streitu. Rúmur helmingur nemenda tilgreindi að þeim gengi betur í staðnámi en fjarnámi en um fjórðungur taldi því öfugt farið. Þá kváðust um fjórir af hverjum tíu nemendum hafa upplifað fjárhagserfiðleika í faraldrinum og hækkaði það hlutfall í um sex af hverjum tíu í þeim hópi nemanda sem tóku þátt í rekstri heimilis. Rannsókn sem gerð var á 59.000 íslenskum ungmennum og unnin af teymi íslenskra og bandarískra atferlis- og félagsvísindamanna var nýverið birt í *The Lancet Psychiatry*.¹¹ Hún er sú fyrsta sem kannar og skrásetur breytingar á geðheilsu unglunga byggðar á aldri og kyni á tímum COVID-19. Niðurstöður hennar sýna sömuleiðis að faraldurinn hefur haft skaðleg áhrif á geðheilsu ungs fólks, sérstaklega meðal stúlkna.

Ráðuneyti menntamála í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands leggur fyrir spurningakannanir í öllum grunn- og framhaldsskólum með það að markmiði að leggja mat á líðan og velferð barna og ungmenna. Spurningalistar eru lagðir fyrir nemendur í 4.-10. bekk árlega og annað hvert ár fyrir nemendur í framhaldsskólum. Þá eru hafnar samantektir og greiningar á tilkynningum sem bærust barnaverndarnefndum á tímum faraldursins til að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 hafði á tilkynningar til barnaverndarnefnda.

Ár hvert birtir embætti landlæknis lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi til að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild.¹² Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar á hverjum tíma og snúa að þremur meginþáttum þ.e. samfélagi og lífnaðarháttum, líðan og heilsu og sjúkdómum. Í kynningu á lýðheilsuvísam 2021 kom fram að í fyrsta sinn frá upphafi vöktunar á hamingju fullorðinna var marktæk lækun á milli ára á hlutfalli þeirra sem töldu sig mjög hamingjusama. Þá mældist heilt á litið aukning á hlutfalli þeirra sem sögðust

10 Rannsókn og greining. (2021). Áhrif heimsfaraldurs á framhaldsskólanema, samanburður árána 2020 og 2021. <https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2022/04/framhaldsskolinn-2021.pdf>

11 Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Heiðís Björk Valdimarsdóttir, Erla María Jónsdóttir Tolgeys og Jón Sigfússon. (2021). Depressive symptoms, mental wellbeing, and substance use among adolescents before and during the COVID-19 pandemic in Iceland: a longitudinal, population-based study. In: *The Lancet Psychiatry*, Volume 8, Issue 8, P663-672. DOI: [https://doi.org/10.1016/S2215-0366\(21\)00156-5](https://doi.org/10.1016/S2215-0366(21)00156-5)

12 Embætti landlæknis. (2021). Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum. <https://www.landlaeknir.is/tolfraedi-og-rannsoknir/tolfraedi/lydheilsuvisar/>

oft eða mjög oft finna fyrir einmanaleika. Einnig var hlutfall fullorðinna sem mat heilsu sína sæmilega eða lélega marktækt hærrí frá árinu 2019. Það sama átti við um mat hópsins á geðheilsu sinni.

Velferðarvaktin er óháður greiningar- og álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka og fylgir þeim eftir. Að Velferðarvaktinni standa félagasamtök, samtök aðila vinnumarkaðarins, ráðuneyti, ríkisstofnanir og sveitarfélög og er hlutverk hennar að vakta félagslega- og fjárhagslega stöðu einstaklinga og fjölskyldna í landinu með áherslu á velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, einkum einstæðra foreldra og barna þeirra. Frá árinu 2012 hafa félagsmálaráðuneytið og Hagstofa Íslands, að frumkvæði Velferðarvaktarinnar, safnað og birt árlega samfélagslegar mælingar undir yfirskriftinni félagsvísar. Þá hefur Velferðarvaktin átt frumkvæði að tveimur úttektum á tímum heimsfaraldurs. Annars vegar úttekt á þjónustu hjálparamtaka og er niðurstöður hennar væntanlegar. Hins vegar úttekt í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið á félagslegri og efnahagslegri stöðu og brotthvarfi úr íslenskum framhaldsskólum. Niðurstöður hennar benda til þess að brotthvarf sé birtingarmynd ójafnra tækifæra einstaklinga og er menntunarstig foreldra breyta sem skiptir öðru fremur máli.¹³

Í apríl 2020 hófst viðamikil langtímarannsókn á *Líðan þjóðar á tímum COVID-19*.¹⁴ Rannsóknin er unnin á vegum Háskóla Íslands, embættis landlæknis og sóttvarnalæknis og hefur það að markmiði að afla sem mestrar þekkingar á áhrifum faraldursins á líðan og lífsgæðum landsmanna til lengri og skemmri tíma svo að síðar megi bregðast enn betur við slíkum samfélagslegum áföllum. Jafnframt er unnið að rannsókn á þeim hópi einstaklinga sem þurft hefur á endurhæfingu að halda vegna veikinda af völdum COVID-19 auk þess sem Íslensk erfðagreining í samstarfi við Landspítala og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu vinnur að rannsókn á langvinnum áhrifum COVID-19.

Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) gerði rannsókn á áhrifum COVID-19 á þjónustu Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og voru niðurstöður hennar birtar í BMJ Open.¹⁵ Þær sýndu að í mars og apríl 2020 jókst staðþjónusta lækna á dagvinnutíma um 35% samanborið við sömu mánuði árána 2018 og 2019. Þá jókst síma- og vefþjónusta um 127%. Breytingar urðu á tíu tíðustu sjúkdómsgreiningunum og athygli vakti að þunglyndi var ekki þeirra á meðal. Almenn töldust heilsugæslur hafa staðist álagsprófið sem birtist m.a. í nokkuð óraskaðri mæðra- og barnavernd. Þróunarmiðstöðin undirbýr nú nýja rannsókn á þjónustu heilsugæslunnar sem nær yfir lengra tímabil og mun fjalla um hvaða

13 Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson. (2022). Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%3%bdsla%20-%20brotthvarf%20%3%bar%20framhaldssk%3%b3lum%2024.01.2022.pdf>

14 Sjá upplýsingar um rannsóknina Líðan þjóðar í COVID-19. Vísindarannsókn Háskóla Íslands. <https://lidanicovid.is/>

breytingar hafa orðið á lyfjaávisunum, sjúkdómsgreiningum og formi samskipta í heilsugæslu í kjölfar faraldursins á Íslandi.

Í september 2021 skipaði forsætisráðherra nefnd sem falið var að greina áfallstjórnun stjórnvalda vegna faraldursins af völdum COVID-19. Nefndin skal m.a. að greina hvernig stjórnvöld voru undirbúin að takast á við faraldurinn, hvernig ákvarðanatöku hafi verið háttáð, upplýsingum miðlað og hvernig reynslan var nýtt jafnharðan til aðlögunar á stefnu og áætlanagerð. Markmið greiningarinnar er að draga lærdóm af viðbúnaði og viðbrögðum stjórnvalda sem nýta megi til stefnumótunar vegna annarra áfalla í framtíðinni. Þá skal nefndin jafnframt fjalla um helstu samfélagslegu áhrif faraldursins. Skýrslu nefndarinnar verður skilað til forsætisráðherra í september 2022.

2.4 Samantekt

Líkt og rakið hefur verið hér að framan staðfesta nýlegar rannsóknir og úttektir á félags- og heilsufarslegum áhrifum kórónuveirufaraldursins fyrri niðurstöður um að afleiðingar faraldursins hafi verið mismunandi eftir þjóðfélagshópum. Í upphafi faraldursins mátti greina mikinn mun í hlutfallslegri aukningu atvinnuleysis eftir landssvæðum, kyni, aldri og uppruna. Efnahagslegur samdráttur í kjölfar sóttvarnaraðgerða kom illa niður á aldurshópnum 16-24 og ástæða er til að hafa áhyggjur af vaxandi fjölda ungs fólks sem er hvorki í vinnu né námi. Þá má bæði hérlendis og í nágrennaríkjunum greina að þátttaka kvenna, fólks af erlendum uppruna og ungs fólks var hlutfallslega mikil í þeim atvinnugreinum sem urðu fyrir þyngsta högginu í fyrstu bylgju faraldursins.

Jafnframt kemur fram að konur í menntakerfinu, heilbrigðis- og félagsþjónustu mynduðu framlínu til varnar viðkvæmstu hópum samfélagsins og að merkja megi örmögnun og brotthvarf kvenna úr þessum starfsgreinum. Til kynjaðra áhrifa faraldursins er að auki talið að kröfur um fjarvinnu og sóttkví, auk skerts skóla-, íþrótt- og tómstundarstarfs hafi aukið álag á heimilin þar sem konur eru líklegri en karlar að sinna ólaunuðum verkefnum. Þá er í þeim rannsóknum sem hér hafa verið raktar dregin fram sú staðreynd að heimsfaraldurinn hafði í för með sér verulega aukningu á ofbeldi á heimilum, einkum ofbeldi karla gegn konum og börnum. Kynbundið ofbeldi hafi einnig aukist utan heimila sem megi m.a. merkja í aukinni eftirspurn eftir starfrænu barnaníðsefni og kynferðisofbeldi og kynbundinni hatursorðræðu.

Niðurstöður skýrslna frá Norðurlöndunum sýna að faraldurinn hafði neikvæð áhrif á félagslegan jöfnuð og afleiðingar hans séu því meiri á viðkvæma hópa en á þorra almennings. Þeir hópar sem fyrir faraldurinn stóðu höllum fæti hafi orðið fyrir þyngra höggi og sérstök ástæða sé fyrir stjórnvöld að beita áfram sértækum aðgerðum. Þeim þurfi annars vegar að beina að börnum, ungmennum og innflytjendum sem fundu fyrir röskunum vegna lokana skóla og aukins atvinnuleysis og hins vegar að eldra fólki og fötluðum sem hafi aðstæðna sinna vegna sætt félagslegri einangrun á meðan á takmörkunum stóð. Niðurstöður innlendra rannsókna um langrímaáhrif faraldursins á

geðheilbrigði eru í samræmi við álit Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að samfélagsleg áföll reyni almennt á geðheilsu einstaklinga og geðheilbrigði þjóða og eigi það sérstaklega við um viðkvæmari hópa samfélagsins. Þannig er talið er að heimsfaraldurinn hafi leitt til töluverðrar aukningar á þunglyndi og kvíðaröskunum. Áhrifa gæti einkum hjá konum og yngra fólki en einnig meðal heilbrigðisstarfsfólks, fólks sem er einmanna og þeirra sem hafa greinst með COVID-19. Mikilvægt er því að tryggja þjónustu og gott aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu í kjölfar heimsfaraldurs, sérstaklega fyrir viðkvæmstu hópa samfélagsins.

3. Tillögur starfshópsins um stuðning við aðgerðir á árinu 2023

Í tengslum við gerð fjármálaáætlunar 2023–2027 leitaði starfshópurinn eftir sjónarmiðum frá viðkomandi ráðuneytum um þörf fyrir framhald á félags- og heilsufarslegum aðgerðum í kjölfar kórónuveirufaraldursins og mati þeirra á hvaða aðgerðum frá fyrri árum þyrfti að halda áfram.

Af svörum ráðuneytanna má merkja að enn sé talsverð þörf fyrir slík verkefni. Þau snúa m.a. að geðrækt og geðheilbrigði, málefnum barna, félagslegri velferð og jafnrétti og að rjúfa einangrun viðkvæmra hópa s.s. aldraðra og fatlaðra barna og ungmenna.

Tillögur að aðgerðum sem hér eru kynntar hafa að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins á viðkvæma hópa. Ráðast þær af þeim væntingum að þó faraldurinn sé tímabundinn geti áhrif hans geti orðið langvinn ef ekki er brugðist við með sértækum aðgerðum til skamms tíma. Lögð er áhersla á að aðgerðunum verði fylgt eftir með kostnaðargreiningum og árangursmælikvörðum verði beitt með hliðsjón af markmiði þeirra um að draga úr félags- og heilsufarslegum afleiðingum faraldursins.

Samantekið miða aðgerðirnar að því að rjúfa einangrun viðkvæmra hópa og auka virkni þeirra, að forvörnum og þjónustu vegna kynbundins ofbeldis, að stuðningi við langtímaatvinnulausa og endurheimt starfsstétta sem mæddi mikið á á tímum COVID-19 og að styðja við börn og ungmenni vegna afleiðinga faraldursins.

3.1 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

3.1.1 Félagslegur stuðningur við viðkvæma hópa

Markmið aðgerðar: Að draga úr félagslegri einangrun viðkvæmra hópa.

Mælikvarði: Fjöldi einstaklinga sem nýtir sér félagslegan stuðning.

Fjárhæð: 80 m.kr.

Rökstuðningur: Langvarandi samkomutakmarkanir, sóttkví, einangrun o.s.frv. hafa haft mikil áhrif á viðkvæmustu hópa samfélagsins m.a. þá sem búa við langvarandi félagslega erfiðleika og fátækt. Í skýrslu OECD, *COVID-19 and Well-being: Life in the Pandemic* frá nóvember 2021 kemur fram að félagslegir og

fjárhagslegir erfiðleikar stigmögnuðust hjá viðkvæmum hópum í faraldrinum.¹⁶ Mikilvægt er að áfram verði veittur stuðningur þ.m.t. til þeirra félagsamtaka sem hafa í gegnum heimsfaraldurinn sinnt einstaklingum sem hafa upplifað einangrun og andlegt álag vegna Covid-19. Horft verður sérstaklega til verkefna sem ætlað er að hjálpa einstaklingum við að verða virkir þátttakendur í samfélaginu á ný og verður útfærsla og mótun verkefnisins m.a. unnin með liðsinni félagsamtaka og fleiri aðila sem veita viðkvæmum hópum stuðning.

3.1.2 Vinnumarkaður

Markmið aðgerðar: Að veita aukna þjónustu við þann hóp atvinnuleitenda sem skilgreindur er sem langtímaatvinnulaus (24 mána+) og er í hættu á því að verða langtímaatvinnulaus.

Mælikvarði: Að loknum fyrstu sex mánuðum verkefnisins verður tekin saman skýrsla þar sem lagt verður mat á árangur verkefnisins í heild auk þess sem árangur einstakra úrræða verður mældur til að geta byggt framhald verkefnisins á þeim niðurstöðum.

Fjárhæð: 140 m.kr.

Rökstuðningur: Í skýrslu OECD, *Designing active labour market policies for the recovery* frá júlí 2021 eru lönd hvött til þess að greina og endurskoða vinnumarkaðsstefnur sínar með það fyrir augum að aðstoða þá sem ekki hafa getað nýtt sér hraða aukningu starfa eftir heimsfaraldurs.¹⁷ Á Íslandi hefur störfum fjölgað hratt eftir afléttingar en þrátt fyrir það hafa tæpir þúsund einstaklingar (895) nýtt 24 mánuði eða meira af bótarétti sínum. Það er mat ráðgjafa að eftir svo langan tíma í atvinnuleit sé hættan á brottfalli af vinnumarkaði orðin mjög mikil og því sé þörf á sértæku inngripi. Það felst í meiri og einstaklingsmiðaðri þjónustu og ráðgjöf til að auka samkeppnishæfni atvinnuleitandans. Það felst einnig í því að greina hópinn fyrr með það fyrir augum að bæta þjónustu fyrr í ferlinu við þann hóp atvinnuleitenda sem er í hættu á því að ílengjast í atvinnuleit sinni vegna ýmissa þátta eins og aldurs, breytinga á vinnumarkaði, afleiðinga heimsfaraldurs og fl.

3.1.3 Einmanaleiki eldra fólks

Markmið: Að koma í veg fyrir og draga úr einmanaleika og félagslegri einangrun eldra fólks.

Mælikvarði: Lækkað hlutfall eldra fólks sem telur sig vera einmana og

¹⁶ OECD (2021). Building back better lives: Using a well-being lens to refocus, redesign, realign and reconnect. COVID-19 and Well-being: Life in the Pandemic. OECD iLibrary ([oecd-ilibrary.org](https://www.oecd-ilibrary.org/))

¹⁷ OECD (2021). Designing active labour market policies for the recovery. <https://www.oecd.org/coronavirus/policy-responses/designing-active-labour-market-policies-for-the-recovery-79c833cf/>

félagslega einangrað sbr. rannsókn Félagsvísindastofnunar HÍ á högum og líðan eldra fólks 2021.

Fjárhæð: 30 m.kr.

Rökstuðningur: Félagsleg einangrun eldra fólks jókst í heimsfaraldri sbr. rannsókn sem nú er unnið að á vegum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar sem heitir *Social isolation og ensomhed under covid-19 pandemien*.¹⁸ Einnig kom fram í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands *Hagir eldri borgara - greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi* árið 2020 frá mars 2021 að um 60% svarenda töldu sig hafa einangrast félagslega eftir að COVID-19 faraldurinn byrjaði.¹⁹ Þá varð í heimsfaraldri mikil aukning í umsóknum til Rauða krossins um heimsókna-, göngu-, síma- og hundavini en meirihluti skjólstæðinga í vinaverkefnum Rauða krossins eru eldri borgarar og er gert ráð fyrir að verkefni af þeim toga verði aðgengileg fleirum. Í árslok 2024 verður rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á högum og líðan eldra fólks frá árinu 2021 endurtekin.

3.1.4 Ofbeldi

Markmið: Að tryggja aðgengi þolenda og gerenda ofbeldis að viðeigandi þjónustu með því að veita varanlegri stuðning til þjónustuúrræða.

Mælikvarði: Fjölgun þolenda og gerenda í ofbeldismálum sem leitar sér aðstoðar í þeim úrræðum sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið styrkir.

Fjárhæð: 60 m.kr.

Rökstuðningur: Rannsóknir sýna að á tímum efnahagsþrenginga og áfalla eykst ofbeldi. Í byrjun heimsfaraldursins varð mikil fjölgun tilkynninga vegna heimilisofbeldis til lögreglunnar og til barnaverndarnefnda. Tilkynningum um heimilisofbeldi til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 11% í apríl 2020 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára þar á undan. Þá fjölgaði tilkynningum til barnaverndarnefnda um 9,5% fyrstu 3 mánuði ársins 2020. Stjórnvöld ákváðu því að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningar gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Sett var á fót sérstakt aðgerðateymi sem falið var að útfæra aðgerðir sem skyldu miða sérstaklega að viðkvæmum hópum, þar með talið börnum, konum af erlendum uppruna, öldruðum og fötlðu fólki.

Í nýjstu tölfraðiupplýsingum sem embætti ríkislögreglustjóra birti um heimilisofbeldi og kynferðisbrot, sem nú eru gefnar út ársfjórðungslega, kemur m.a. fram að lögreglunni bárust tilkynningar um 59 nauðganir fyrstu þrjá

¹⁸ Nordens velfærdscenter (2022). Social isolation og ensomhet under Covid-19 pandemien. <https://nordicwelfare.org/da/projekt/social-isolation-og-ensomhed-under-coronaviruspandemien/>

¹⁹ Helgi Guðmundsson (2021). Hagir eldri borgara. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Hagir%20eldri%20borgara%202020%20-%20ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B6ur.html>

mánuði ársins 2022, sem samsvarar 17% fjölgun frá síðustu þremur árum þar á undan. Þá bárust lögreglunni tilkynningar um 610 tilvik heimilisofbeldis og ágreinings milli skyldra eða tengdra aðila fyrstu þrjá mánuði ársins. Um er að ræða 19% aukningu frá síðustu þremur árum þar á undan.

Bjarkarhlíð

Síðastliðin tvö ár hefur orðið veruleg aukning á eftirspurn eftir þjónustu í Bjarkarhlíð, sem veitir stuðning og ráðgjöf til einstaklinga eldri en 18 ára sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Á árinu 2021 leituðu 1059 einstaklingar eftir aðstoð í fyrsta sinn sem er nærri 30% aukning milli ára. Þar á undan var nærri 50% aukning milli áranna 2019 og 2020.

Heimilisfriður

Gerendur ofbeldis hafa verið hvattir sérstaklega til þess að leita sér aðstoðar og í faraldrinum jókst verulega eftirspurn eftir þjónustu Heimilisfriðs, sem býður upp á sálfræðimeðferð fyrir þá sem beita maka sína ofbeldi. Með tilliti til ofangreindra upplýsinga frá embætti ríkislögreglustjóra um fjölgun tilkynninga um heimilisofbeldi má gera ráð fyrir að eftirspurn eftir þjónustu Heimilisfriðs muni aukast enn frekar. Hér má sjá þróunina yfir fjölda viðtala hjá Heimilisfriði síðustu ár:

- 2019 voru samtals 498 viðtöl eða 41,5 að meðaltali á mánuði
- 2020 voru samtals 1089 viðtöl eða 90,7 að meðaltali á mánuði
- 2021 voru samtals 918 viðtöl eða 76,5 að meðaltali á mánuði
- Fyrstu 3 mánuði 2022 voru 299 viðtöl eða 99,6 að meðaltali á mánuði

Taktu skrefið

Taktu skrefið er úrræði fyrir einstaklinga sem hafa áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hafa beitt kynferðisofbeldi og vilja leita sér aðstoðar. Afar mikilvægt er að geta boðið upp á úrræði af þessum toga en erlendis hafa slík úrræði gefið góða raun. Fáar rannsóknir eru til á þessu sviði hérlendis en alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að um 1% manna séu haldnir barnagirnd. Tæknibyltingin hefur haft mikil áhrif á þróun kynferðisbrota á börnum og hefur COVID-19 heimsfaraldurinn aukið enn frekar á þessa þróun. Notkun á stafrænum miðlum hefur margfaldast og bæði börn og fullorðnir eyða æ meiri tíma á netinu. Eftirspurn eftir stafrænu barnaníðsefni og kynferðisofbeldi hefur aukist samhlíða. Mikilvægt er að tryggja fjármögnun til málaflokksins þ.m.t. til aðila sem veita þjónustu bæði til þolenda og gerenda ofbeldis.

Í þingsályktun um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess kemur fram að árlega skuli haldinn landssamráðsfundur um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess þar sem meðal annars skuli rætt um stöðu svæðisbundins samstarfs um aðgerðir gegn ofbeldi, mál sem eru efst á baugi hverju sinni eða sérstakt málefni tekið fyrir, eftir því sem við á. Ríkislögreglustjóra var falin ábyrgð verkefnisins og hefur, í samstarfi við stjórnvöld og aðra viðeigandi hagsmunaaðila, þegar hafið vinnu við undirbúning

frsta landssamráðfundarins sem gert er ráð fyrir að haldinn verði í byrjun nóvember 2022.

3.1.5 Þjónusta við fullorðið fatlað fólk á orlofstímum

Markmið: Að auka og styrkja félagslega samveru fullorðins fatlaðs fólks, og bæta lífsgæði.

Mælikvarði: Mat einstaklinga á þjónustunni.

Fjárhæð: 40 m.kr.

Rökstuðningur: Áfram verði boðið upp á skipulagðar orlofsdvalir fyrir fullorðið fatlað fólk eins og gert hefur verið í faraldrinum. Verkefnið hefur mælst mjög vel fyrir en markmiðið er að auka og styrkja félagslega samveru fullorðinna fatlaðra einstaklinga í kjölfar langvarandi einangrunar vegna COVID-19 þar sem viðkvæmir hópar urðu fyrir meiri einangrun en fólk almennt. Gert er ráð fyrir að umsjónaraðilar hugi að nýsköpun í verkefninu auk þess sem gert er ráð fyrir frekari aðkomu sveitarfélaga.

3.1.6 Stafrænn stuðningur við fatlað fólk

Markmið: Að auka aðgengi fatlaðs fólks að stafrænum lausnum og lausnum tengdum sýndarveruleika.

Mælikvarði: Fjöldi úrræða um land allt.

Fjárhæð: 20 m.kr.

Rökstuðningur: Síðustu ár hefur átt sér stað mikil þróun í hinum stafræna heimi og í heimsfaraldrinum kom berlega í ljós mikilvægi tölvu- og tæknilæsis fyrir alla, þó einkum þegar um er að ræða viðkvæma hópa. Aðgengi að upplýsingum og öðru efni ásamt aukinni rafvæðingu þjónustuferla kallar á sérstakan stuðning til fatlaðs fólks til þess að það geti tekist á við þessar hröðu breytingar.

Verkefnið er tvíþætt:

- Að auka aðgengi fólks með þroskahömlun og skyldar fatlanir að stafrænum lausnum og tækni með virku samtali og ráðgjöf við þá sem hafa það hlutverk að innleiða stafræna tækni í þjónustu og verkefni.
- Að búa til sýndarveruleika sem fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir getur nýtt sér til þess að endurþjálfa færni í athöfnum daglegs lífs eftir COVID-19. Efni og inntak veruleikanna sem búnir verða til taka mið af þörfum þeirra sem koma til með að nota þjónustuna.

3.1.7 Miðstöðin Auðlesið mál

Markmið: Að auka vitund og aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum á auðlesnu máli.

Mælikvarði: Fjöldi beiðna, verkefna og þýðinga hjá miðstöðinni Auðlesið mál og fjöldi heimsóknna á audlesid.is

Fjárhæð: 10 m.kr.

Rökstuðningur: Þroskahjálp hefur sett á fót miðstöðina *Auðlesið mál*. Miðstöðin sér um að yfirfæra texta, t.d. fræðslu- og kennsluefni frá stofnunum og fyrirtækjum yfir á auðlesið mál. Í heimsfaraldrinum nýttist þessi vettvangur vel en á honum voru settar fram upplýsingar og annað efni tengt COVID-19 á auðlesnu máli. Vettvangurinn er kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld til þess að koma á framfæri upplýsingum til fatlaðs fólks sem þarf að fá upplýsingar um málefni líðandi stundar eins og aðrir borgarar. Málefni eru oft tilfinningahlaðin og geta vakið upp ótta og því er mikilvægt að fólk fái auðlesnar og hlutlausar upplýsingar. Mikilvægt er að fjárfesta í kynningarátaki á samfélagsmiðlum, úti í samfélaginu og á stöðum sem fatlað fólk sækir og vekja má athygli á síðunni.

3.2 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

3.2.1 Átaksverkefni til að styðja við innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðistækni og þjónustu

Markmið: Betri þjónusta og aukin skilvirkni í heilbrigðisþjónustu

Mælikvarði: Fjöldi nýsköpunar- og tæknilausna í heilbrigðisþjónustu

Fjárhæð: 60 m.kr.

Rökstuðningur: Ráðuneyti háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar mun veita sérstöku fjármagni til átaksverkefnis um nýsköpun og innleiðingu nýrra lausna í heilbrigðistækni og þjónustu. Slíkt átaksverkefni þjónar því markmiði stjórnvalda að horfa til framtíðar og vaxa til velsældar með traustum efnahag, jöfnum tækifærum og aðgerðum í þágu nýsköpunar, umhverfis og loftslags. Heimsfaraldurinn varpaði ljósi á margvíslega veikleika í opinberri heilbrigðisþjónustu en beindi jafnframt sjónum fólks að mikilvægi vísindastarfs og nýsköpunar í þágu bættis heilbrigðis. Nauðsynlegt er að efla samstarf opinberra aðila og einkaaðila á þessu sviði og móta stuðningsumhverfi og regluverk sem hvetur til framfara og aukins heilbrigðis hér á landi.

Ákveðið var að leggja verkefnið til eftir ábendingar nýsköpunarfyrirtækja um að erfiðlega hafi gengið að fá heilbrigðisfyrirtæki hér á landi til að innleiða nýjungar og auka samstarf nýsköpunarfyrirtækja og stofnana og fyrirtækja sem veita heilbrigðisþjónustu. Veittir verði allt að 10 m.kr. styrkir til einstakra verkefna sem hafi það markmið að teknar séu í notkun nýjar vörur, ný þjónusta eða nýjar hugbúnaðarlausnir sem geta bætt þjónustu og/eða aukið hagkvæmni í rekstri heilbrigðiskerfisins. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja við samstarf opinberra aðila og einkaaðila um land allt. Auglýst verður eftir umsóknum í ágúst á þessu ári og leitast við að úthlutun verði á haustmánuðum. Styrkir verði veittir til hámarks eins árs og styrkþegar geri grein fyrir framvindu og niðurstöðum verkefna. Ávinningur aðgerðar verði metinn að ári og niðurstöður nýttar til ákvarðana um framhald aðgerðarinnar.

3.4 Heilbrigðisráðuneytið

3.4.1 Efling og innleiðing skólaheilsugæslu í framhaldsskólum

Markmið: Bætt heilsa og geðheilbrigði ungmenna.

Mælikvarði: Hlutfall ungmenna sem lýsir góðri eða mjög góðri líðan.

Fjárhæð: 96 m.kr.

Rökstuðningur: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með því að heilsuefling í skólum fari fram með heilðrænum hætti þar sem jöfn áhersla sé lögð á sálræna, líkamlega og félagslega vellíðan barna. Heilsuvernd skólabarna er á ábyrgð heilsugæslustöðva í hverju heilbrigðisumdæmi fyrir sig.

Heilsuverndarþjónusta skal veitt í skólum í nánu samstarfi og samvinnu við skólafyrirvöld og félagsþjónustu á hverjum stað. Markmið heilsuverndar er að efla heilbrigði, þ.m.t. geðheilbrigði íslenskra barna og ungmenna á skólaaldri og er hluti af framlagi heilsugæslu til samþættrar heilðrænnar þjónustu á fyrsta stigi í þágu farsældar barna og ungmenna. Tilraunir hafa verið gerðar á undanförunum árum til að færa skólaheilsugæslu upp í framhaldsskóla landsins með góðum árangri en slík verkefni hafa ekki verið fjármögguð nema til skamms tíma. Sem dæmi fékkst aukafjármagn á árinu 2021 að upphæð 50 millj. kr. sem nýtt var í tilraunaverkefni þar sem hjúkrunarfræðingar heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins mættu í framhaldsskóla og veittu nemendum aðstoð, ráðgjöf og fræðslu vegna versnandi geðheilbrigðis. Markmið þjónustunnar er fyrsta stigs heilðræn heilsuefling og forvarnir sem eru líklegar til að draga úr nýgengi geðvanda og geðsjúkdóma meðal ungmenna til framtíðar. Nemendum er boðin einstaklingsviðtöl og eftir þörfum leiðbeint um hvernig þeir geta nýtt sér frekari meðferðarúrræði innan heilsugæslunnar.

Áhrifaþættir geðheilbrigðis lúta að ýmsum líffræðilegum, sálfræðilegum og félagslegum umhverfisþáttum sem í samspili hafa áhrif á geðheilsu einstaklinga. Því er ljóst að hlutverk skólaheilsugæslu í að draga úr langtímaáhrifum heimsfaraldurs á áhrifaþætti geðheilbrigðis og áhættuþætti er veigamikil sem og hlutverk hennar í að efla verndandi þætti til framtíðar hjá íslenskum ungmönnum. Lagt er til að 96 millj.kr verði varið í eflingu og innleiðingu skólaheilsugæslu framhaldsskólum á árinu 2023 og að byggt verði á niðurstöðum og reynslu þróunarverkefnisins. Verkefnið verði þróað áfram á landsvísu.

3.4.2 Áframhaldandi styrking þjónustu Barna- og unglingsgeðdeildar

Landspítala (BUGL) og BUG teymis Sjúkrahússins á Akureyri til að mæta aukinni eftirspurn

Markmið: Greitt aðgengi að þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni á landsvísu og biðtími innan viðmiðunarmarka.

Mælikvarðar: Fjöldi á biðlista, biðtími, fjöldi sem lokið hefur meðferð.

Fjárhæð: 70 m.kr.

Rökstuðningur: Líklegt er að langtímaafleiðingar af heimsfaraldri á geðheilbrigði barna og ungmenna muni birtast enn frekar á næstu árum og því er áframhaldandi styrking þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna á landsvísu nauðsynleg. Með slíkri styrkingu er hægt að halda biðtíma innan viðmiðunarmarka og mæta þörfum barna og ungmenna fyrir tímabæra þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu. Því er lagt til áframhaldandi sértækum stuðningi við BUGL og BUG teymi Sjúkrahússins á Akureyri sem nemur 70 millj.kr á árinu 2023 og skiptist þeirra á milli.

3.4.3 Styrking þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir 18 ára og eldri

Markmið: Aukið aðgengi að og styttri biðtími eftir þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu á landsvísu.

Mælikvarðar: Fjöldi á biðlista, biðtími, fjöldi sem lokið hefur meðferð.

Fjárhæð: 94 m.kr.

Rökstuðningur: Líkt og rakið hefur verið í skýrslu þessari sýna rannsóknir að langtímaafleiðingar af samfélagslegum áföllum á heimsfaraldur eru verulegar á geðheilsu einstaklinga og geðheilbrigði þjóða. Afleiðingar koma allajafna ekki fram strax og ástandið er yfirstaðið. Líklegt að langtímaafleiðingar á geðheilbrigði Íslendinga birtist næstu árin í vaxandi nýgengi geðrænna áskoranna. Til að mæta þessum vanda er æskilegt að efla þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu og fjölga fagfólki með hæfni til að veita sérhæfða heildræna meðferð fyrir fólk með alvarlegt þunglyndi, kvíða, átröskun, áfallastreituröskun eða aðra alvarlega geðsjúkdóma. Einnig er nauðsynlegt að þróa stuðning þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu við geðheilsuteymi heilbrigðisstofnana og geðheilbrigðisþjónustu á fyrsta stigi með það að markmiði að auka samfellu og skilvirkni í þjónustu.

Aukafjármagn fékkst 2021 fyrir átaksverkefni hjá geðþjónustu Landspítala og var það nýtt til markvissra aðgerða og stytta bið eftir meðferðum hjá þunglyndis- og kvíðateymi, átröskunarteymi og áfallateymi með sérstaka áherslu á ungt fólk frá 18–25 ára. Verkefnið hefur nú þegar borið mikinn árangur. Huga þarf að lausnum til langtíma til að mæta aukinni þörf sem skapast hefur vegna afleiðinga heimsfaraldurs á geðheilbrigði. Því er lagt til að 94 millj. kr. verði varið á árinu 2023 til að styrkja annars vegar þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu til að efla þjónustuna og fjölga fagfólki og hins vegar til að þróa stuðning við geðheilsuteymi og geðheilbrigðisþjónustu á fyrsta stigi.

3.5 Mennta- og barnamálaráðuneytið

3.5.1 Áframhaldandi aðgerðir til að bregðast við löngum biðtíma í úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra

Markmið: Styttri biðlistar í úrræði, m.a. hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og Barna- og fjölskyldustofu.

Mælikvarði: Fjöldi á biðlistum.

Fjárhæð: 80 m.kr.

Rökstuðningur: Bið í nauðsynleg þjónustuúrræði fyrir börn og barnafjölskyldur hefur verið kerfislæg á Íslandi í lengri tíma en heimsfaraldur COVID-19 gerði að verkum að biðtími í flest úrræði lengdist enn frekar. Stuðningur við börn og aðgengi að góðri þjónustu hefur jákvæð áhrif á þroska og velsæld, líðan og virkni og stuðlar að farsælli skólagöngu og jöfnum tækifærum barna. Mikilvægt er að grípa til aðgerða til að tryggja megi börnum nauðsynlega þjónustu innan ásættanlegs biðtíma. Fyrr á þessu ári var samþykkt að veita fjármagni (100 m.kr.) í tilteknar tímabundnar bráðaaðgerðir til að bregðast við löngum biðtíma í úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra og hafa að markmiði að stytta sem allra fyrst biðlista í helstu úrræði á vegum stjórnvalda, þar á meðal hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og Barna- og fjölskyldustofu. Lagt er til að þessi stuðningur haldi áfram til að það markmið náist.

3.5.2 Börn í viðkvæmri stöðu

Markmið: Styðja við börn og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu til að ná sér á strik félagslega eftir faraldurinn.

Mælikvarði: Þátttaka í sérstökum sumarúrræðum fyrr börn í viðkvæmri stöðu.

Fjárhæð: 50 m.kr.

Rökstuðningur: COVID-19 hefur haft mikil áhrif á líf flestra barna og fjölskyldna hér á landi en ákveðnir hópar barna hafa þó orðið fyrir meiri áhrifum og viðkvæm staða þeirra gerir þeim erfiðara fyrir að ná sér aftur á strik. Það er því mikilvægur hluti viðspyrnu eftir COVID-19 að tryggja sem allra fyrst aukinn stuðning við börn í viðkvæmri stöðu, foreldra þeirra og fjölskyldur og bregðast þannig sérstaklega við aðstæðum þeirra.

Um er að ræða framhald á fyrri aðgerðum vegna COVID-19 er varða börn í viðkvæmri stöðu og aðgerðir sem beinast gegn ofbeldi gegn börnum og reyndust vel, svo sem aðgerðir til stuðnings börnum og ungmennum með tilfinninga- og hegðunarvanda, virkniúrræði fyrir ungmenni á aldrinum 16–19 ára sem eru hvorki á vinnumarkaði né í námi og úrræði fyrir börn einstæðra foreldra við lágtekjumörk. Einnig er þörf á áframhaldandi stuðningi við barnafjölskyldur í kjölfar COVID-19, m.a. með aukinni ráðgjöf og þjónustu í félags- og skólakerfinu.

3.5.3 Efling forvarna í skólastarfi (fræðsla, ráðgjöf og útgáfa fræðsluefnis)

Markmið: Stuðningur við skóla, með fræðslu, ráðgjöf og útgáfu fræðsluefnis, til að byggja upp góðan skólabrag og koma í veg fyrir alvarleg atvik m.a. ofbeldishegðun innan skóla.

Mælikvarði: Útgáfa efnis og framboð á ráðgjöf og fræðslu fyrir kennara og eftir atvikum börn og foreldra. Árlegt mat á stöðu skóla, álagi og fjölda alvarlegra atvika.

Fjárhæð: 50 m.kr.

Rökstuðningur: Á tímum heimsfaraldursins hefur menntamálaráðuneytið gripið til aðgerða gegn einelti og öðru ofbeldi í skólastarfi. Þótt náðst hafi að halda uppi skólastarfi í faraldrinum þá hefur alvarlegum atvikum fjölgað og álag á

skóla og fagráð eineltismála aukist. Mikilvægt er að efla forvarnir og starfsemi fagráðs eineltismála til þess að vinna áfram með neikvæðar afleiðingar heimsfaraldursins. Aukin fræðsla, ráðgjöf og útgáfa fræðsluefnis mun auka líkur á að afleiðingar heimsfaraldur auki ekki enn frekar á félagslegan vanda.

3.5.4 Stuðningur við framhaldsskóla í tengslum við náms- og starfsráðgjöf og sálfræðiþjónustu

Markmið: Að vinna gegn brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum.

Mælikvarði: Hlutfall nemenda sem hverfur brott úr námi.

Fjárhæð: 100 m.kr.

Rökstuðningur: Eitt af meginmarkmiðum fjármálaáætlunar 2023–2027 er að fjölga nemendum sem ljúka prófi á framhaldsskólastigi á tilskildum tíma. Samhent átak þarf til að vinna gegn brotthvarfi, sérstaklega þeirrar aukningar sem varð vegna heimsfaraldurs og mikilvægt er að gefa þeim sem horfið hafa brott tækifæri til að ljúka námi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið telur mikilvægt að bregðast hratt við verri líðan nemenda vegna afleiðinga heimsfaraldursins. Markmiðið er að sporna við brotthvarfi og hugsanlega slakari námsárangri, sem skilar færri einstaklingum upp á næsta skólastig þegar til lengri tíma er lítið. Styðja þarf við starf náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum sem eru lykilaðilar í að koma auga á vanda nemenda í skólum, fylgja eftir aðgerðum og tryggja forvarnir. Nemendur hafa sömuleiðis kallað eftir auknum stuðningi og bættu aðgengi að snemmbærri sálfræðiþjónustu sem veitir gagnreynda meðferð við þunglyndi og öðrum geðvanda, sérstaklega þegar sá vandi gæti leitt til brotthvarfs úr námi. Styðja þarf við framhaldsskólana til að bregðast þeirri stöðu sem hlaust af faraldrinum.

3.5.5 Átak í eflingu sjálfbóðaliðastarfs á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs (80 m.kr)

Markmið: Hvetja fólk til þátttöku í sjálfbóðaliðastarfi innan íþróttá- og æskulýðsfélaga á Íslandi.

Mælikvarði: Fjöldi sjálfbóðaliða í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Fjárhæð: 20 m.kr.

Rökstuðningur: Sjálfbóðaliðastarf íþróttá- og æskulýðsfélaga gaf verulega eftir í heimsfaraldrinum. Unnið er að því í íþróttá- og æskulýðsfélögum að ná því aftur á strik og efla sjálfbóðaliðastarf innan eininga félaganna. Þróun sjálfbóðaliðastarfs jafnvel fyrir tíma heimsfaraldurs var í þá átt að sífellt var orðið erfiðara að hvetja fólk til þátttöku. Til þess að efla sjálfbóðaliðastarf á nýjan leik og sporna við frekara brotthvarfi úr starfinu er mikilvægt að styðja átaksverkefni vegna þessa.

Fylgiskjal 1

Fjárveiting til sértækra aðgerða á árinu 2022

Hér er gerð grein fyrir tillögum ráðuneyta að viðbótarfjármagni úr ríkissjóði fyrir yfirstandandi ár.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

1. Stuðningur við félagsstarf aldraðra

Markmið: Koma í veg fyrir og draga úr einmanaleika og félagslegri einangrun eldra fólks.

Mælikvarðar: Lækkað hlutfall eldra fólks sem telur sig vera einmana og félagslega einangrað sbr. rannsókn Félagsvísindastofnunar HÍ á högum og líðan eldra fólks 2021.

Fjárhæð: 60 m.kr.

Rökstuðningur: Frá því að faraldurinn hófst hefur ríkisstjórnin sett fjármagn til félagsstarfs eldri borgara sem nýtt var þegar takmarkanir leyfðu og hefur reynslan af því verið góð sbr. stöðuskýrslur frá uppbyggingarteymi félagsmálaráðuneytisins í faraldrinum. Félagsstarf fullorðinna hefur verið vel nýtt en sumarið 2020 sóttu 39 sveitarfélög þar sem búa um 93% allra eldri borgara á landinu (67 ára og eldri) um styrki til að auka við félagsstarf. Sveitarfélög hafa óskað eftir fjármagni fyrir sumarið 2022 sem nýtt verði til að auka við félagsstarf sem mótvægi gegn áhrifum einangrunar og einmannaleika. Fjármagninu verður varið í að efla enn frekar félagsstarf í sveitarfélögum, heilsueflingu og fræðslu m.a. um gildi hreyfingar og þátttöku í félagsstarfi.

2. Stuðningur við hópa í viðkvæmri stöðu

Markmið: Að draga úr félagslegri einangrun viðkvæmra hópa.

Mælikvarðar: Fjölgun einstaklinga sem nýta sér félagslegan stuðning.

Fjárhæð: 80 m.kr.

Rökstuðningur: Fatlað fólk hefur fært miklar förnir í heimsfaraldri sem bitnað hefur á mikilvægum félagslegum tengslum og aukið einmanaleika. Sumrin 2020 og 2021 ákvað ríkisstjórnin að styðja við aukið félagsstarf fatlaðs fólks vegna áhrifa heimsfaraldurs. Komið hefur fram í greinargerðum sem ráðuneytið hefur fengið í hendur að mikil ánægja hafi verið með þau úrræði og þau hafi aukið lífsgæði fatlaðs fólks. Gert er ráð fyrir áframhaldandi stuðningi við þau verkefni auk stuðnings til annarra aðgerða sem eru í mótun. Þá verður framkvæmd rannsókn á högum fatlaðs fólks í kjölfar COVID-19 faraldursins. Rannsóknir sýna að áhrif faraldursins á viðkvæma hópa vara lengur og koma fram síðar. Það samræmist því sem gerðist hér á landi í kjölfar bankahrunsins þar sem fjöldi þeirra sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg var mestur árið 2013 en þá hafði verið samfelldur stígandi frá árinu 2009. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að halda áfram að styðja við aðgerðir og félagasamtök sem þjónusta viðkvæma hópa.

Í þessu samhengi má benda á að þjónusta félagasamtaka léttir undir opinberri þjónustu þar sem álag er mikið fyrir. Til félagasamtaka sækir fólk fjölbreytta

þjónustu sem það myndi að öðrum kosti sækja inn í opinber kerfi. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að halda slíkum úrræðum gangandi áfram.

Aðgerðin lýtur að stuðningi við félagasamtök sem þjónusta viðkvæma hópa m.a. með mataraðstoð, félagslegum stuðningi og annarri þjónustu. Enn fremur felur hún í sér aukinn stuðning við heimilisláust fólk í samvinnu við Reykjavíkurborg.

3. Kynferðis- og heimilisofbeldi

Markmið: Að tryggja aðgengi þolenda og gerenda ofbeldis að viðeigandi þjónustu með því að veita stuðning til þjónustuúrræða.

Mælikvarðar: Fjölgun þolenda og gerenda í ofbeldismálum sem leitar sér aðstoðar í þeim úrræðum sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið styrkir.

Fjárhæð: 45 m.kr.

Rökstuðningur: Í upphafi COVID-19 faraldursins fóru stjórnvöld í markvissar aðgerðir og vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Almennur var hvattur til að tilkynna atvik til barnaverndar og gerendur ofbeldis hvattir til að leita sér aðstoðar. Þá veittu stjórnvöld fjármunum á grundvelli tímabundinna samninga til félagasamtaka líkt og Stígamóta og Bjarkarhlíðar sem höfðu að markmiði að stytta biðlista þjónustu fyrir brotþola ofbeldis.

Þá jókst eftirspurn eftir þjónustu hjá Heimilisfriði, sálfræðimeðferð fyrir gerendur ofbeldis í nánum samböndum. Gera má ráð fyrir að eftirspurn eftir þjónustu Heimilisfriðs muni aukast enn frekar en skv. upplýsingum frá lögreglu hafa heimilisofbeldismál aldrei verið fleiri en síðastliðin tvö ár eða í kringum 750 talsins á ári. Eftirspurn eftir þjónustu í Bjarkarhlíð aukist verulega en þar er veittur stuðningur og ráðgjöf til einstaklinga eldri en 18 ára sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Á árinu 2021 leituðu þangað 1.059 einstaklingar eftir aðstoð í fyrsta sinn sem er nærri 30% aukning milli ára. Milli árána 2019 og 2020 var nærri 50% aukning á heimsóknum. Þessa aukningu má einkum rekja til heimsfaraldursins og *Metoo*-bylgja sem riðu yfir á sama tíma.

Taktu skrefið er nýtt úrræði fyrir einstaklinga sem hafa áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hafa beitt kynferðisofbeldi og vilja leita sér aðstoðar. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerði í upphafi árs samning við Taktu skrefið um sérhæfða niðurgreidda sálfræðimeðferð fyrir allt að 30 einstaklinga á árinu 2022.

4. Aukið félagsstarf fullorðins fatlaðs fólks

Markmið: Að draga úr félagslegri einangrun og bæta lífsgæði fullorðins fatlaðs fólks.

Mælikvarðar: Í vinnslu.

Fjárhæð: 95 m.kr.

Rökstuðningur: Fatlað fólk hefur fært miklar fórnir í heimsfaraldri sem bitnaði á mikilvægum félagslegum tengslum þess og jók einmanaleika. Sumrin 2020 og 2021 ákvað ríkisstjórnin að styðja við aukið félagsstarf fatlaðs fólks vegna áhrifa heimsfaraldurs. Komið hefur fram í greinargerðum sem ráðuneytið hefur fengið í hendur að mikil ánægja hafi verið með þau úrræði sem fengu fjármagn, þau

hafi tekist vel og aukið lífsgæði fatlaðs fólks. Gert er ráð fyrir að áfram verði veittur stuðningur til þeirra aðgerða auk til annarra verkefna sem eru í mótun. Þá verði framkvæmd rannsókn á högum fatlaðs fólks eftir COVID-19.

Háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

1. Innleiðing nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu

Markmið: Betri þjónusta og aukin skilvirkni í heilbrigðisþjónustu.

Mælikvarðar: Aukinn fjöldi nýsköpunar- og tæknilausna innleiddur í heilbrigðisþjónustu bætir þjónustu og eykur árangur meðferða.

Fjárhæð: 60 m.kr.

Rökstuðningur: Ráðuneyti háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar leggur til að sérstöku fjármagni verði varið til átaksverkefnis um nýsköpun og innleiðingu nýrra lausna í heilbrigðistækni og þjónustu. Slíkt átaksverkefni mun þjóna því markmiði stjórnvalda að horfa til framtíðar og vaxa til velsældar með traustum efnahag, jöfnum tækifærum og aðgerðum í þágu nýsköpunar, umhverfis og loftslags. Heimsfaraldur síðustu ára varpaði ljósi á margvíslega veikleika í opinberri heilbrigðisþjónustu en beindi jafnframt sjónum fólks að mikilvægi vísindastarfs og nýsköpunar í þágu bættis heilbrigðis. Nauðsynlegt er að efla samstarf opinberra aðila og einkaaðila á þessu sviði og móta stuðningsumhverfi og regluverk sem hvetur til framfara og aukins heilbrigðis hér á landi.

Ákveðið var að fara þessa leið eftir ábendingar nýsköpunarfyrirtækja um að erfiðlega hafi gengið að fá heilbrigðisfyrirtæki hér á landi til að innleiða nýjungar með því að auðvelda þeim að hefja slíka innleiðingu og auka samstarf nýsköpunarfyrirtækja og stofnana og fyrirtækja sem veita heilbrigðisþjónustu. Veittir verði allt að 10 m.kr styrkir til einstakra verkefna sem hafi að markmiði að teknar séu í notkun nýjar vörur, ný þjónusta eða nýjar hugbúnaðarlausnir sem geta bætt þjónustu og/eða aukið hagkvæmni í rekstri heilbrigðiskerfisins. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja við samstarf opinberra aðila og einkaaðila um land allt.

Auglýst verður eftir umsóknum í ágúst á þessu ári og leitast við að úthlutun verði á haustmánuðum. Styrkir verði veittir til hámarks eins árs og styrkþegar geri framvindu og niðurstöðum verkefna. Ávinningur aðgerðar verði metinn að ári og niðurstöður nýttar til ákvarðana um frekari aðgerðir.

Heilbrigðisráðuneytið

1. Styrking þjónustu Barna- og unglíngageðdeildar Landspítala og BUG Teymis Sjúkrahússins á Akureyri til að mæta aukinni eftirspurn

Markmið: Aukið aðgengi að og styttri biðtími eftir þriðja stigs

geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni á landsvísu

Mælikvarðar: Fjöldi á biðlista, biðtími, fjöldi sem lokið hefur meðferð

Fjárhæð: 60 m.kr

Rökstuðningur: Rannsóknir á geðheilbrigði barna og ungmenna í kjölfar COVID-19 faraldursins gefa vísbendingar um að faraldurinn hafi haft neikvæð áhrif á geðheilsu þeirra. Þá sýnir nýleg úttekt embætti landlæknis á starfsemi Barna- og unglingageðdeildar Landspítala (BUGL) að þörfin fyrir sérhæfða þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni hefur aukist jafnt og þétt í heimsfaraldi.²⁰

Frá hausti 2020 og út árið 2021 jókst eftirspurn eftir sérhæfðri þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn með geðrænan vanda. Þá hefur faraldurinn haft mikil áhrif á þjónustu transteymis BUGL og æskilegt er að efla þjónustugetu þess til svo hægt sé að koma til móts við aukna þörf. Á þjónustusvæði barna- og unglingateymis (BUG) Sjúkrahússins á Akureyri eru um 14% allra barna og ungmenna á landinu og veitir teymið bráða- og göngudeildar geðþjónustu til þeirra. Bæði þessi teymi fengu aukafjárveitingu 2021 til átaksverkefna með það markmið að mæta aukinni eftirspurn og var þeim fjármunum varið meðal annars til að bjóða upp á hópmeðferðartíma, fjölga greiningarviðtölum og þróa námskeið fyrir foreldra barna á biðlista eftir átröskunarmeðferð. Nýlegar úttektarskýrslur sýna að þrátt fyrir þessa innspýtingu er veruleg aukning á notkun bráðageðheilbrigðisþjónustu í kjölfar heimsfaraldurs. Til að mæta þessari aukningu á eftirspurn eftir þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna á landsvísu í kjölfar heimsfaraldurs er lagt til að BUGL og BUG teymi Sjúkrahússins á Akureyri fái auka fjárveitingu sem nemur 60 m.kr sem skiptist þeirra á milli.

2. Styrking geðheilsuteyma fullorðinna í heilsugæslu

Markmið: Aukið aðgengi að og styttri biðtími eftir þjónustu í geðheilsuteymum á landsvísu

Mælikvarðar: Fjöldi á biðlista, biðtími, fjöldi sem lokið hafa meðferð

Fjárhæð: 120 m.kr

Rökstuðningur: Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem kom út í byrjun mars 2022 kemur fram að heimsfaraldur COVID-19 hafi leitt til þess að á heimsvísu hafi þunglyndi aukist um 28% og kvíðaraskanir hafi aukist um 26%.²¹ Áhrifanna gæti helst hjá konum og yngra fólki (20-24 ára). Einnig er tekið fram að sjálfsvígshugsanir hafi aukist marktækt hjá yngra fólki, heilbrigðisstarfsfólki sem upplifir örmögnun, fólki sem er einmana og þeim sem greinst hafa með COVID-19. Hætta á alvarlegum veikindum og andláti vegna COVID-19 var hærrí hjá þeim sem glíma við geðraskanir, sérstaklega þeim yngri og þeim sem eru með alvarlegar geðraskanir. Mikilvægt er að tryggja fólki geðheilbrigðisþjónustu

20 Embætti landlæknis (2022). Úttekt á bráðþjónustu á barna- og unglingageðdeild Landspítala (BUGL).

https://www.landlaeknir.is/servelet/file/store93/item49177/BradathjonustaBUGL_uttekarskyrsla%20emb%C3%A6ttis%20landl%C3%A6knis.pdf

21 World Health Organization (2022). Early evidence of the pandemic's impact: Scientific brief 2 March 2022.

https://www.who.int/publications/i/item/WHO-2019-nCoV-Sci_Brief-Mental_health-2022.1

Í kjölfar heimsfaraldurs og þá sér í lagi að tryggja þjónustu við viðkvæmustu hópa samfélagsins, s.s. ungmenni og fólk með geðraskanir.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

1. Stuðningur við börn í viðkvæmri stöðu.

Markmið: Styðja við börn og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu að ná sér aftur á strik félagslega eftir faraldurinn.

Mælikvarðar: Góð þátttaka í sérstökum sumarúrræðum fyrir börn í viðkvæmri stöðu

Fjárhæð: 130 m.kr.

Rökstuðningur: Ljóst er að COVID-19 hefur haft mikil áhrif á líf flestra barna og fjölskyldna hér á landi en ákveðnir hópar barna hafa þó orðið fyrir meiri áhrifum og viðkvæm staða þeirra gerir þeim erfiðara fyrir að ná sér aftur á strik eftir heimsfaraldurinn. Það er mikilvægur hluti viðspyrnu eftir COVID-19 að tryggja aukinn stuðning við börn í viðkvæmri stöðu, foreldra þeirra og fjölskyldur og bregðast þannig sérstaklega við aðstæðum þeirra.

Um er að ræða framhald á fyrri aðgerðum vegna COVID-19 er varða börn í viðkvæmri stöðu og aðgerðum sem beindust gegn ofbeldi gegn börnum og reyndust vel, svo sem sérstök sumarúrræði fyrir börn í viðkvæmri stöðu, aðgerðir til stuðnings börnum og ungmennum með tilfinninga- og hegðunarvanda, virkniúrræði fyrir ungmenni á aldrinum 16–19 ára sem eru hvorki á vinnumarkaði né í námi og úrræði fyrir börn einstæðra foreldra við lágtekjumörk. Þá er þörf á áframhaldandi stuðningi við barnafjölskyldur í kjölfar COVID-19, m.a. með ráðgjöf og aukinni þjónustu í félags- og skólakerfinu, svo sem náms- og starfsráðgjöf og sálfræðiþjónustu.

2. Aðgerðir til að bregðast við löngum biðtíma í úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Markmið: Stytttri biðtímar í úrræði á vegum stjórnvalda þar á meðal hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og Barna- og fjölskyldustofu.

Mælikvarðar: Í vinnslu

Fjárhæð: 100 m.kr

Rökstuðningur: Bið í nauðsynleg þjónustuúrræði fyrir börn og barnafjölskyldur hefur verið kerfislæg á Íslandi í lengri tíma en heimsfaraldur COVID-19 gerði að verkum að biðtími í flest úrræði lengdist enn frekar.

Stuðningur við börn og aðgengi að góðri þjónustu hefur jákvæð áhrif á þroska og velsæld, líðan og virkni barna og stuðlar að farsælli skólagöngu og jöfnum tækifærum. Því er mikilvægt að grípa til aðgerða til að tryggja börnum nauðsynlega þjónustu innan ásættanlegs biðtíma. Á þessu ári verði farið í tiltekna tímabundnar bráðaaðgerðir til að bregðast við löngum biðtíma í úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Markmiðið er að stytta sem allra fyrst biðlista í helstu úrræði á vegum stjórnvalda, þar á meðal hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og Barna- og fjölskyldustofu.

